




Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík



Reykjavík 15.05.2015

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 13. maí 2015 varðandi eftirfarandi mál.

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 17. apríl 2015 vegna samþykktar borgarráðs 16. apríl 2015 um að vísa erindi samtaka sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu dags. 14. apríl 2015 til umsagnar umhverfis- og skipulagsráðs. Óskað er eftir að umsögn berist innan þriggja vikna. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015.

Eva Indriðadóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:15


Herdís Anna Þorvaldsdóttir tekur sæti á fundinum kl. 9:17

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015 samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Evu Indriðadóttur, fulltrúa bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur og fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarsson.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Júlíus Vífill Ingvarsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir, og fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Vísað til borgarráð.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. maí 2015.



Reykjavík, 11. maí 2015
Málsnúmer SN140462

Umhverfis- og skipulagsráð

Mál: Afgreiðsla á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæðið 2040, til staðfestingar.

Vísað er til erindis Hrafnkels Proppé svæðisskipulagsstjóra, dagsett 14. apríl sl, þar sem óskað er eftir afgreiðslu Reykjavíkurborgar á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040, ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 123/2010 og 9. gr. laga nr. 105/2006.

Tillaga að nýju svæðisskipulagi, ásamt fylgiskjöllum (sjá ssh.is), var samþykkt í auglýsingu í lok síðasta árs og hófst auglýsing tillögunnar síðla í desember og frestur til að gera athugasemdir rann út 2. febrúar. Reykjavíkurborg gerði nokkrar athugasemdir við tillöguna, sbr. bréf dagsett 19. janúar sl.

Að lokinni yfirferð framkominn athugasemda og gerð viðeigandi breytinga á tillögunni, samþykkti svæðisskipulagsnefnd þann 10. apríl s. senda tillöguna ásamt umhverfisskýrslu og fylgiskjöllum til sveitarfélaganna til endanlegrar samþykktar. Í afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar er komið í meginatriðum móts við allar athugasemdir Reykjavíkurborgar.

Nýtt svæðisskipulag mun leysa af hólmi Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024 og svæðisskipulag fyrir vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 1998. *Höfuðborgarsvæðið 2040* er stefnumótandi áætlun um þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040 þar eru sett fram leiðarljós, markmið og aðgerðir um þau viðfangsefni sem snerta sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna.

Drög að tillögunni voru til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg í apríl 2014 (sjá umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett 22. apríl 2014). Tillaga að að nýju svæðisskipulagi var síðan til samþykktar í auglýsingu, skv. 24. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, síðastliðið haust (sjá umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett 15. september 2014).

Áréttað er, sbr. fyrri umsagnir og athugasemdir, að tillaga að nýju svæðisskipulagi er í góðu samræmi við langtíma stefnumörkun Reykjavíkurborgar í skipulagsmálum. Leiðarljós tillögunnar ríma vel við megin markmið AR2010-2030 um hagkvæma og sjálfbæra borgarþróun, þar sem þætting byggðar og almenningssamgöngumiðað borgarskipulag er lagt til grundvallar.

Mælt er með því að tillaga svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040, ásamt fylgiskjöllum, verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Haraldur Sigurðsson